16 c, 1 skuldabrjef Reykjavíkur 100,00
d, innstæða í landsbankanum 4411,86
e, ógreiddir vextir fyrir part af árinu 1889 35,42
f, í peningum hjá fjehirði 75,64 19822,92
60179,98

Ath. Í sjóðnum við árslok er fólgin:
1. Innstæða vaxtaeigenda:
a, í aðaldeild 13,141,09
b, - deild hinnar æfinlegu erfingjarentu . 629,10
c, - útborgunardeild 3836,51
d, - bústofnsdeild 1773,52
e, - ellistyrksdeild 126,58 19506,80
2. Vextir, er bíða útborgunar 172,57
3. Vextir öðrum tilheyrandi 42,44
4. Varasjóður 101,11 19822,92

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands í Reykjavík 14. febr. 1890.
Eiríkur Briem. E. Th. Jónassen. Björn Jensson.

17 **Auglýsing**
um póstmál.

Með byrjun 5. ferðar landpóstanna þetta ár komast á nýbreytingar þær, er hjer skulu greindar:

1. Aukapóstferðin til Keflavíkur verður lengd út í Garð, og brjefhirðing sett á Útskálum.
2. Aukapóstferðin frá Hraungerði að Arnarbæli verður lengd að Búrfelli, og þar sett brjefhirðing.
3. Brjefhirðing verður aptur sett á Mýrum á Álptaveri.
4. Aukapóstferð verður stofnuð frá Höfða að Hjaltastað í Hjaltastaðaþinghá og þar sett brjefhirðing.
5. Póstafgreiðslunni á Akureyri verður veitt heimild til eptir samkomulagi við amtmanninn í norður- og austuramtinu að senda með brjef og póstsendingar fram í Eyjafjörð, þegar nauðsyn ber til.
6. Aukapóstferð verður stofnuð frá Víðimýri fram í Lýtingsstaðahrepp og þar sett brjefhirðing.
7. Á Lóni við Hjeraðsvötnin í Skagafjarðarsýslu verður sett ný brjefhirðing.
8. Á Eyri í Gufudalshrepp í Barðastrandarsýslu verður stofnuð ný brjefhirðing.
9. Póstafgreiðslunni á Bæ í Króksfirði verður veitt heimild til að senda með brjef og póstsendingar að Stað á Reykjanesi þegar þörf gjörist.
10. Aukapóstferðin frá Ísafirði til Hesteyrar í Jökulfjörðum verður, þegar nægur tími er til, lengd að Stað í Aðalvík.
11. Aukapóstferð verður stofnuð frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd út á Akranes að Skipaskaga og þar sett ný brjefhirðing.

Þetta kunngjörist hjer með almenningi.

Reykjavík, 22. febr. 1890.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

30. jan. veitti landshöfðingi presti að Glaumbæ, præp. hon. sjera Jóni Hallssyni lausn frá prestsembætti frá næstu fardögum að telja, með eptirlaunum.

24. febr. setti landshöfðingi læknaskólakandídat Björn Ólafsson til þess upp á eigin ábyrgð að gegna hjeraðslæknisstörfum í Rangárvallasýslu (18. læknishjerað), meðan embætti þetta er óveitt.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Glaumbær í Skagafjarðar-prófastsdæmi. Metið 1659 kr. Auglýst 7. febr. 1890. Uppgjafaprestur er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna samkvæmt 6. og 8. gr. laga 27. febr. 1880 um eptirlaun presta.

Mosfell í Kjalarnesprófastsdæmi. Metið 1273 kr. 67 a. Auglýst 13. febr. 1890.